

Alþingi
Erindi nr. P 136/1195
komudagur 11.3.2009



talsmaður neytenda

Alþingi - nefndasvið
B.t. ritara viðskiptanefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg
Borgartúni 21, 2. hæð
IS-105 Reykjavík
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 09.03.2009
Tilv. 2005/0037 - 2.0
GT

Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 125. mál, frv. til laga um ábyrgðarmenn (136. löggj.þ.)

Heildarmat og tillaga

Að teknu tilliti til neðangreinds tel ég frumvarp (frv.) þetta geta orðið til mikilla hagsbóta fyrir neytendur eins og rakið skal í umsögn hér að neðan.

Legg ég vinsamlegast til að frv. þetta verði samþykkt af Alþingi að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem fram koma hér á eftir.

Tilfni

Vísað er til tölvuskeytis yðar, dags. 26. febrúar sl., um ofangreint þingmál.

Almennt um frumvarpið

Ég hef ekki áður gefið umsögn um frumvarp af þessu tagi. Ég tel mjög brýnt að frv. verði að lögum enda bætir það úr brýnni þörf neytenda á þessu sviði enda þótt úrbætur hafi þokast nokkuð með samkomulagi sem nefnt er í athugasemdum í greinargerð með frvu. Vísa ég þá til þess að sama mál eða sambærilegt hefur oftast en einu sinni verið flutt á Alþingi án þess að verða að lögum.

Ég tel æskilegt að um sé að ræða sérlög eins og lagt er til í frv. - en ekki breytingarlög við gildandi lög - og hef engar verulegar athugasemdir við frv. en vil gera eftirfarandi tillögur til úrbóta á einstökum ákvæðum þess.

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitserðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrir mælum frá öðrum

Um fyrirsögn

Til samræmis við gildissvið sem rakið er í 2. mgr. 2. gr. frv. vil ég leggja til að við heiti frumvarpsins bætist orðin „og lánsveð.“

Um 2. gr. - Um útskýringu á mismunandi tegundum ábyrgða

Tillaga

Ég legg til að 2. málslíður 3. mgr. 2. gr. frv. hljóði svo:

„Sé í ábyrgðarsamningi ekki tekið skýrt fram að ábyrgðin sé sjálfskuldarábyrgð og hvað í henni felist skal hún álitin einföld.“

Rök

Ekki er víst að neytendum sé almennt kunnugt um muninn á einfaldri ábyrgð og sjálfskuldarábyrgð og er lagt til að hér (og í breytingartillögu við 5. gr. frv.) sé skilgreining ábyrgðar rakin með augljósum hætti. Þá er lagt til að neytandi verði upplýstur um hvað felist í þeirri ábyrgð sem þungbærari kann að vera fyrir ábyrgðarmann, sjálfskuldarábyrgð. Er gert ráð fyrir slíkri útskýringu í athugasemdum í greinargerð með 2. gr. en þess sér ekki stað í texta frv. sjálfs.

Um 5. gr. - Um mun mismunandi tegunda ábyrgða, kostnað og tryggingar

Tillaga 1

Þá legg ég til að við a-lið 1. mgr. 5. gr. bætist eftirfarandi orð:

„þ.m.t. um mun á sjálfskuldarábyrgð og einfaldri ábyrgð,“

Rök 1

Sjá hér að ofan um tillögu varðandi 2. gr. frv.

Tillaga 2

Ég legg til að í stað orðsins „vanskilakostnaði“ í f-lið 1. mgr. 5. gr. komi orðið „innheimtukostnaði“.

Rök 2

Annar vanskilakostnaður en dráttarvextir er ekki heimill samkvæmt lögum nr.

38/2001 um vexti og verðtryggingu eins og nú hefur verið staðfest í 3. málslið 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 37/2009 um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl. sem tók gildi hinn 1. febrúar sl. og var sett samkvæmt innheimtulögum nr. 95/2008 sem tóku gildi hinn 1. janúar sl.

Tillaga 3

Lagt er til að nýr stafliður bætist við 1. mgr. 5. gr., svohljóðandi:

„árlega hlutfallstölu kostnaðar samkvæmt lögum nr. 121/1994 um neytendalán með síðari breytingum,“

Rök 3

Meginatriði frá sjónarhóli neytendamarkaðsréttar er að raunkostnaður en ekki aðeins svonefndir vextir sé tilgreint í samningi við ábyrgðarmann.

Tillaga 4

Á eftir orðinu „tryggingar“ í g-lið 1. mgr. 5. gr. komi orðin „, svo sem veð,“

Rök 4

Eðlilegt er að áréttta að veð til tryggingar skuld sem ábyrgð er veitt fyrir sé upplýst ásamt öðru.

Tillaga 5

Í stað orðanna „á rétt á að“ í 2. mgr. 5. gr. komi orðin „skal“.

Rök 5

Mikilvægt er að tryggja ekki aðeins rétt ábyrgðarmanna til eintaks ábyrgðarsamnings heldur að hann fái það eintak í raun.

Um 6. gr. - Um einhliða breytingar á lánsamningi

Tillaga

Síðari málsliður 2. mgr. 6. gr. falli brott.

Rök

Umrætt ákvæði hljóðar svo:

„Ákvæði þetta gildir þó ekki um breytingar á vöxtum eða eðlilegum kostnaðarliðum sem lánveitandi hefur rétt til að breyta samkvæmt lánssamningi sem ábyrgð stendur í tengslum við.“

Hvað sem líður réttmæti og lögmæti slíkra einhliða breytinga í lánssamningum við neytendur - sem ég leyfi mér að efast um að standist almennar lagareglur á sviði neytendamarkaðsréttar og neytendasjónarmið - tel ég ekki eðlilegt að leyfa ábyrgðarsamninga gagnvart slíkum lánnum. Afleiðing slíks banns yrði væntanlega annað hvort að ábyrgðarsamningum myndi fækka eða að slíkum sanningsákvæðum færi fækkandi - og er það vel.

Um 7. gr. - Um „annan vanskilakostnað“

Tillaga

Lagt er til að orðin „öðrum vanskilakostnaði“ í 2. mgr. 7. gr. breytist í „innheimtukostnaði“.

Rök

Ísáð er til röksemda með tillögu 2 undir 5. gr. frv. hér að ofan.

Um 9. gr. - Um greiðsluaðlögun


Tillaga

Lagt er til að á eftir orðinu „eftirgjöf“ í 3. mgr. 9. gr. komi orðin „, þ.m.t. í tengslum við greiðsluaðlögun,“.

Rök

Lagt er til að bætt verði úr annmarka á þremur frumvörpum (275., 278. og 281. mál) sem eru til meðferðar á yfirstandandi þingi með því að kveða hér skýrt á um að greiðsluaðlögun skuldara fylgi sams konar aðlögun eða niðurfelling gagnvart ábyrgðarmanni í samræmi við tilgang þessa frv. og þeirra frumvarpa.

Virðingarfyllt,
talsmaður neytenda,



Gísli Tryggvason.